

Starfsreglur stjórnar EBÍ



Samþykkt í stjórn EBÍ 05.09.2025

1.gr. Hlutverk félagsins

Hlutverk félagsins er að standa vörð um og ávaxta þann sjóð er varð til við sölu félagsins á helmings eignarhlut sínum í Vátryggingafélagi Íslands.

EBÍ skal vera traustur bakhjarl í forvarnarstarfi og í þeim tilgangi skal stjórn EBÍ leita leiða til að stuðla að eflingu brunavarna og styðja alhliða forvarnastarf í sveitarfélögum á þessu sviði.

Í starfsreglum þessum er nánar kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar, verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra, framkvæmd styrkveitinga til forvarnaverkefna og reglur varðandi fjárfestingar, sbr. 6. t.l. 3. mgr. 11. gr. samþykkt.

2.gr. Skipan stjórnar.

Um stjórnarkjör gildir 10. gr. samþykkt EBÍ.

Stjórn félagsins er kosin til fjögurra ára á aðalfundi fulltrúaráðs EBÍ, sem er haldinn ári eftir hverjar reglulegar sveitarstjórnarkosningar.

Tiltekinn varamaður er kjörinn fyrir hvern aðalmann í stjórn og tekur hann sæti í stjórninni í tímabundnum forföllum aðmanns. Ef hvorki aðalmaður né varamaður hans er tiltækur boðar formaður annan varamann í þeirra stað. Sé þess kostur skal formaður boða varamann úr sama landshluta og aðalmaður kemur frá. Stjórnarfundir eru þó ályktunarbærir ef meirihluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn þeirra (2. mgr. 13. gr. samþykkt).

Ef stjórnarmaður forfallast eða óskar lausnar á meðan á kjörtímabili hans stendur skal kjósa nýjan stjórnarmann á næsta fulltrúaráðsfundi til þess að gegna stjórnarstörfum í þann tíma sem eftir er af kjörtímabili stjórnarinnar. Fram að kosningu nýs stjórnarmanns skal varamaður taka sæti hans.

3.gr. Skipting starfa stjórnar.

Um skiptingu starfa innan stjórnar gildir 3. mgr. 10. gr. samþykkt.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar skal stjórnin skipta með sér verkum með kosningu formanns, varaformanns og ritara.

Aldursforseti stýrir kjöri formanns stjórnar og formaður stjórnar tekur svo við og stýrir kjöri annarra.

Einfaldur meirihluti ræður kosningu í stöður en ef atkvæði falla jöfn er hlutkesti varpað.

4. gr. Hlutverk og verkefni stjórnar.

Um hlutverk stjórnar gildir 11. gr. samþykktá.

Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum félagsins milli fulltrúaráðsfunda, í samræmi við lög og samþykktir félagsins. Stjórn félagsins undirbýr og boðar fulltrúaráðið til funda sbr. 7. gr. samþykktá félagsins og framkvæmir ályktanir fundanna. Stjórn félagsins er jafnframt stjórn sameignarsjóðsins, sbr. II. kafla.

Megin verkefni stjórnar EBÍ eru að:

1. Hafa yfirumsjón með starfsemi félagsins, sjóðum og öðrum eignum og almennt eftirlit með rekstri þess í samræmi við lög og samþykktir.
2. Stjórn félagsins tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður meiriháttar og óvenjuleg. Má þar t.d. nefna ákvarðanir um öll ný forvarnarverkefni sem ekki eru tilgreind í fjárhagsáætlun ársins.
3. Setja félaginu fjárfestingastefnu sem skal endurskoðuð árlega. Ákvarðanir um stærri fjárfestingar í sjóðum, skuldabréfum og hlutabréfum skulu teknar af stjórn og eiga að endurspeglast í fjárfestingastefnu félagsins. Ákvörðun um minni fjárfestingar skal tekin í samráði við framkvæmdaráð.
4. Afgreiða ársreikninga félagsins fyrir lok júnímánaðar ár hvert.
5. Að leggja fram fjárhagsáætlun til samþykktar í stjórn félagsins eigi síðar en á fyrsta fundi stjórnar á nýju fjárhagsári.
6. Staðfesta stjórnskipulag félagsins.
7. Ráða félaginu framkvæmdastjóra og ákveða starfskjör hans, setja honum erindisbréf og hafa eftirlit með störfum hans.
8. Ákveða hver eða hverjir skuli hafa prókúruumboð fyrir félagið.
9. Setja sér starfsreglur sbr. 6. t.l. 3. mgr. 11. gr. samþykktá félagsins.
10. Að skipa tilnefningarnefnd fyrir aðalfund fulltrúaráðs sem kallast kjörnefnd.
11. Úthluta árlega styrkjum úr Styrktarsjóði EBÍ skv. úthlutunarreglum styrktarsjóðsins.
12. Að leggja fram á síðasta stjórnarfundum ársins starfsáætlun stjórnar fyrir komandi starfsár.

5. gr. Hlutverk framkvæmdastjóra.

Stjórnin ræður félaginu framkvæmdastjóra sem stjórnar daglegum rekstri félagsins og fjármálum í umboði stjórnar og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn félagsins hefur gefið.

Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn félagsins og ákveður ráðningarkjör þeirra í samráði við stjórn félagsins.

6.gr. Fyrirsvar.

Framkvæmdastjóri EBÍ og/eða formaður stjórnar félagsins eru málsvarar félagsins og koma fram fyrir þess hönd varðandi málefni sjóðsins nema stjórn ákveði annað.

Stjórn EBÍ ákveður hver skuli fara með atkvæði sjóðsins á hluthafafundum í félögum sem félagið á eignarhlut í.

Að jafnaði tekur stjórn EBÍ ekki afstöðu til þess hverjir sitji í stjórnnum þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn hefur fjárfest í en komi til þess í undantekningartilfellum að EBÍ taki afstöðu í þessu efni ákveður stjórn félagsins hver skuli vera fulltrúi af hálfu sjóðsins í stjórn viðkomandi fyrirtækis.

7.gr. Fundir stjórnar.

Framkvæmdastjóri í umboði formanns boðar stjórnarfundi. Formaður stýrir fundum eða varaformaður í forföllum hans.

Stjórnarfundir skulu haldnir þegar þörf krefur en eigi sjaldnar en 6-8 sinnum á ári. Sérhver stjórnarmaður getur einnig óskað þess að fundur verði haldinn.

Stjórn skal samþykkja starfsáætlun fyrir lok starfsárs síns þar sem m.a. eru ákveðnir stjórnarfundir komandi árs.

Dagskrá stjórnarfunda ásamt viðeigandi fundargögnum skal að jafnaði senda út til stjórnarmanna a.m.k. 2 dögum fyrir boðaðan fund. Framkvæmdastjóri undirbýr stjórnarfundi í samráði við stjórnarformann.

Framkvæmdastjóri situr fundi með málfrelsi og tillögurétt. Framkvæmdastjóri skal þó víkja af fundi séu persónuleg málefni hans til umræðu.

Stjórn félagsins getur ákveðið að fundur verði rafrænn en stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri geta krafist þess að stjórnarfundur verði haldinn með hefðbundnum hætti. Að jafnaði skal enginn fundarmanna taka þátt í fundi með rafrænum hætti ef ræða á sérstaklega viðkvæm trúnaðarmál

Í lok hvers stjórnarfundur skal að jafnaði rætt um hvenær næsti stjórnarfundur skuli haldinn.

Heimilt er að stjórnarfolk taki þátt í stjórnarstörfum símleiðis eða með fjarfundarbúnaði en láti framkvæmdastjóra vita tímanlega og skal þess getið í fundargerð.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum, nema samþykktir ákveði annað.

Skuldbindingar stjórnarinnar eru bindandi fyrir félagið í heild, ef þær eru undirritaðar af formanni eða varaformanni í forföllum hans og þremur stjórnarmönnum.

8.gr. Fundargerðir stjórnar.

Formaður stjórnar skal sjá um að rituð sé fundargerð um það sem gerist á stjórnarfundum. Fundargerð þar sem ákvarðanir stjórnar eru skráðar skal rituð af framkvæmdastjóra í tölvu eftir fundinn og skal hún síðan send fundarmönnum í tölvupósti til yfirlestrar og athugasemda.

Komi ekki fram athugasemdir við fundargerð innan tilskilins frests skal hún send fundarmönnum til rafrænnar undirritunar. Rafræna undirskriftin skal uppfylla skilyrði laga um rafrænar undirskriftir nr. 28/2001.

Eftirfarandi atriði skulu koma fram í fundargerðum stjórnar:

- a) Fundarstaður, fundardagsetning og fundartími.
- b) Númer stjórnarfundar.
- c) Hverjir voru viðstaddir fundinn.
- d) Hvort og þá hvenær utanaðkomandi aðilar koma inn á fundi og hvenær þeir fara út af fundum. Einnig skal skrá ef stjórnarmaður víkur af fundi.
- e) Nafn fundarstjóra og fundarritara.
- f) Dagskrá fundarins.
- g) Upptalning á fundargögnum fundarins.
- h) Niðurstaða hvers liðar í fundardagskrá.
- i) Hvort og hvers vegna stjórnarmaður, framkvæmdastjóri eða annar víkur af fundi í tengslum við tiltekið málefni og hvort viðkomandi hafði aðgang að gögnum málsins.

9.gr. Framkvæmdaráð.

Stjórn er heimilt að skipa framkvæmdaráð sem í sitja 3 stjórnarmenn, þ.e. formaður, varaformaður stjórnar ásamt 1 stjórnarmanni til viðbótar.

Tilgangur ráðsins er:

- a. Að vera framkvæmdastjóra til aðstoðar og samráðs við ákvarðanir sem taka þarf um málefni félagsins með litlum fyrirvara.
- b. Að vera framkvæmdastjóra til aðstoðar við samninga og ákvarðanatöku um fjárvörslu á vegum félagsins og mat á fjárfestingakostum.
- c. Að gera ásamt framkvæmdastjóra tillögur til stjórnar um fjárfestingastefnu félagsins.

Fundargerð þar sem ákvarðanir framkvæmdaráðsins eru skráðar skal rituð af framkvæmdastjóra í tölvu eftir fundinn og skal hún síðan send fundarmönnum í tölvupósti til yfirlstrar og athugasemda. Fundargerðin skal kynnt stjórn félagsins á næsta stjórnarfundum.

Stjórn félagsins getur hvenær sem er afturkallað umboð framkvæmdaráðs eða fellt það niður.

10.gr. Upplýsingagjöf

Framkvæmdastjóri skal gefa stjórninni skýrslur um rekstur og hag félagsins með reglubundnum hætti.

Á hverjum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri kynna yfirlit yfir þróun eigna félagsins frá síðasta stjórnarfundum.

Á miðju ári skal liggja fyrir yfirlit yfir stöðu rekstrar miðað við fjárhagsáætlun.

Framkvæmdastjóri sér um að vefsíða félagsins hafi að geyma upplýsingar um almenna starfsemi og stjórnarhætti félagsins.

11.gr. Þagnarskylda.

Stjórnarmenn eru bundnir þagnarskyldu um málefni sjóðsins, starfsmanna og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem stjórnarmenn og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls.

12.gr. Vanhæfi.

Stjórnarmenn skulu víkja af fundi séu þeir vanhæfir til að fjalla um mál, sbr. Stjórnsýslulög nr. 37/1993. Stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri mega ekki taka þátt í meðferð mála sem varða þá persónulega. Sama gildir um mál er varða það sveitarfélag sem stjórnarmaður er fulltrúi fyrir.

Stjórn ákveður hvort stjórnarmaður telst vanhæfur. Víki stjórnarmaður sæti við meðferð máls skal geta um það í fundargerð og jafnframt skal tilgreina hver er ástæða vanhæfis.

13.gr. Árangursmat

Stjórnin skal árlega meta störf sín og framkvæmdastjóra, verklag og starfshætti, hvort ástæða sé til þess að skipa undirnefndir stjórnar sem og framgang félagsins. Við árangursmat skal stjórn leggja mat á styrkleika og veikleika í störfum stjórnar. Niðurstöður árangursmats skal nota til að bæta störf stjórnar.

Stjórn skal árlega meta frammistöðu framkvæmdastjóra og skal stjórnarformaður gera framkvæmdastjóra grein fyrir mati stjórnar.

14.gr. Gildistaka.

Starfsreglur þessar eru settar í samræmi við lagagrundvöll, samþykktir og tilgang félagsins. Frumrit þeirra skal jafnan vera til staðar í fundargerðabók félagsins og skulu stjórnarmenn þess hverju sinni hafa afrit af starfsreglunum. Jafnframt skal birta starfsreglur á vefsíðu félagsins.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi 5. september 2025.